

Ed. 900. Breytingartillögur [363. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um stjórn og starfrækslu póst- og símamála, nr. 36/1977.

Frá samgöngunefnd.

1. Á undan 1. gr. komi tvær nýjar greinar er orðist svo:
 - a. (1. gr.) 1. gr. laganna orðist svo:

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn póst-, síma- og annarra fjarskiptamála.
 - b. (2. gr.) 2. gr. laganna orðist svo:

Póst- og símamálastofnun er sjálfstæð stofnun sem fer með framkvæmd póst- og símamála samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum og reglum sem gilda um póstmál og fjarskipti.
2. 1. gr. (verður 3. gr.) orðist svo:
 5. gr. laganna orðist svo:

Starfsemi Póst- og símamálastofnunar greinist í meginatriðum í stjórnunarhluta og rekstrarhluta.

Stjórnunarhluti stofnunarinnar skiptist í aðalsvið.

Rekstrarhluti stofnunarinnar skiptist í póst- og símaumdæmi.

Hverju aðalsviði stjórnar framkvæmdastjóri, en umdæmisstjóri hverju umdæmi.
3. 2. gr. (verður 4. gr.) orðist svo:
 6. gr. laganna orðist svo:

Framkvæmdastjórar aðalsviða vinna að stefnumörkun í störfum stofnunarinnar, áætlanagerð, eftirliti, almennum fyrirmælum og öðrum heildarstefnumálum.

Umdæmisstjórar annast rekstur póst- og símastöðva, verkstæða, birgðastöðva og annan þann rekstur á vegum Póst- og símamálastofnunar í umdæminu sem þeim er falinn samkvæmt rekstraráætlunum og öðrum fyrirmælum er gilda um stofnunina.
4. Á eftir 2. mgr. komi ný grein (verður 5. gr.) er orðist svo:
 7. gr. laganna falli brott.
5. Á eftir 2. gr. komi ný grein (verður 6. gr.) er orðist svo:
 1. másl. 8. gr. laganna orðist svo:

Póst- og símamálastjóri skal eigi sjaldnar en ársfjórðungslega kalla saman fund með framkvæmdastjórum aðalsviða og umdæmisstjórum stofnunarinnar.
6. Á eftir 2. gr. komi ný grein (verður 7. gr.) er orðist svo:
 1. mgr. 10. gr. laganna orðist svo:

Í stofnuninni skal starfa starfsmannaráð skipað fulltrúum samtaka starfsmanna stofnunarinnar og forstöðumönnum tiltekinna þátta í stofnuninni.
7. Á eftir 2. gr. komi ný grein (verður 8. gr.) er orðist svo:
 4. mgr. 11. gr. laganna orðist svo:

Tekjur samkvæmt gjaldskrá skulu nægja til að rekstrarjöfnuður náist, miðað við að rekstur og fjárfestingar fari eftir meginstefnu 1. mgr. 3. gr. og fyllsta aðhalds sé gætt.